

Málþing sem ber hið bjartsýnislega heiti *Vestfirska vorið* verður haldin á Flateyri dagana 5. – 6. maí 2017.

Að málþinginu standa Perlur fjarðarins ehf, félagið Hús og fólk, Háskólasetur Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, með styrk frá heimamönnum og Uppbyggingarsjóði Vestfjarða.

Markmið málþingsins er vekja athygli á vestfirsku samfélagi og málefnum dreifðra byggða á Íslandi.

Gestafyrirlesarar eru :Dr. Þóroddur Bjarnason, félagsfræðingur, prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri, Dr.Guðmundur Hálfðánarson, sagnfræðingur, Jóns Sigurðssonar prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands og Kristinn Hermannsson, hagfræðingur, lektor við Glasgow-háskóla

Heimamenn og fræðimenn munu skiptast á skoðunum í þeirri von að umræða er byggist á reynsluheimi íbúa og fræðilegri þekkingu muni efla skilning á viðfangsefnum og umhverfi.

Óskað er eftir því að Ísafjarðarbær sjái um fríar ferðir frá Ísafjarðarflugvelli að morgni föstudags og til baka laugardagskvöld? Sbr. eftirfarandi flugáætlun

Föstudaginn 05.05.2017 er brottför frá Reykjavík kl 08:00 og koma til Ísafjarðar 08:40.

Laugardaginn 06.05 2017 er brottför frá Ísafirði til Reykjavíkur kl. 18:40.